

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: RMP
12. OKT. 2017
Tilv.: MMR 17070116
Dö.: 12.13.7



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri
Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2017
Tilvísun: 4679 / 201709-0106

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Garðahverfi á Álftanesi, tillaga um verndarsvæði í byggð.

Í bréfi 27. september 2017 óskar Karitas H. Gunnarsdóttir, f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að verndarsvæði í Garðahverfi á Álftanesi í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 (lögin).

Við vinnslu tillögunnar hefur Minjastofnun veitt Garðabæ ráðgjöf um mat á varðveislugildi byggðarinnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna og leiðbeiningarrit Minjastofnunar nr. 3/2017: Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð. Garðabæ var veittur styrkur úr húsafriðunarsjóði árið 2016 að upphæð kr. 4.500.000 til undirbúnings tillögu um verndarsvæði í byggð.


Við mat á tillögum um verndarsvæði í byggð hefur Minjastofnun litið eftirtalinna þátta: afmörkunar verndarsvæðis, gagna sem liggja til grundvallar, þ.m.t. fornleifaskráningar, húsakönnunar, mats á varðveislugildi og skilmála um verndun og uppbyggingu innan marka verndarsvæðisins.

Með tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að verndarsvæði í byggð fylgir greinargerð deiliskipulags Garðahverfis á Álftanesi frá 2013. Í tillögunni er vísað í skilmála deiliskipulagsins og þeir látnir gilda sem skilmálar um verndun og uppbyggingu fyrir verndarsvæðið. Tillagan er að mati Minjastofnunar vel unnin og gerir grein fyrir öllum þeim þáttum sem stofnunin lítur til. Að baki tillögunni liggur vönduð og ítarleg úttekt á menningu, náttúru og umhverfi. Afmörkun svæðisins er vel rökstudd og tekur mið af staðháttum og sérkennum byggðarinnar. Í tillögunni er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar út frá þeim matsþáttum sem tilgreindir eru í leiðbeiningarriti Minjastofnunar. Sú niðurstaða varðveislumats að Garðahverfi í heild hafi miðlungs varðveislugildi er að mati Minjastofnunar varfærin þegar tillit er tekið til sérstöðu byggðarinnar á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.

Skilmálar um uppbyggingu innan verndarsvæðisins eru til þess fallnir að styðja markmið tillögunar um verndun og styrkingu svipmóts hinnar sögulegu byggðar. Minjastofnun bendir á að í skilmálum um nýbyggingar á bæjartorfum í kafla 5.6.3. í greinargerð með deiliskipulagi er einungis gert ráð fyrir einni gerð húsa. Ekki er sjálfsgefið að sú húsagerð eigi við í öllum tilvikum og verður því að gera ráð fyrir því að endurskoða þurfi skilmála um ný hús með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Kveða má nánar um það í verndaráætlun fyrir svæðið.

Minjastofnun Íslands mælir með því við mennta- og menningarmálaráðherra að hann stöðfesti tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að verndarsvæði í byggð í Garðahverfi á Álftanesi á grundvelli framlagðrar tillögu og greinargerðar frá 24. júlí 2017.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis